

Fundur skólaráðs 29.04.2022

Mætt: Hanna Dóra, Lára, Trostan, Þyrey, Sólrún, Birna, Gunnhildur, Ragnhildur.

- Rætt um lokaútgáfu skóladagatal, skóladagatal 2022-2023 samþykkt samhljóða
- Árshátíðir ræddar og fyrirkomulag þeirra. Nefnt að jákvætt sé að stigskipta árshátíðum og þannig fái nemendur á öllum stigum tækifæri til að spreyta sig.
- Rætt um skólaslitadag vegna þess að ekki er unnt að fá Miðgarð 31. maí. Möguleiki er að fá Miðgarð mánudaginn 30. maí og því möguleiki að færa skólaslit til 30. maí á núverandi dagatali. Rætt var um að mikilvægt að hafa stóra athöfn fyrir alla sem vilja mæta á útskrift nemenda. Hátíðlegt að allir komi saman og 10. bekk gert hátt undir höfði. Einnig er möguleiki að leita eftir öðru húsnæði t.d. Árgarði.
- Skólaráð sammála um að hafa kaffiveitingar við skólaslit. Ákveðið að ræða við starfsmenn og fá álit fólks hvernig best er að hafa skólaslitin.
- Viðurkenningar við skólaslit. Ýmis sjónarmið komu fram og fundarmenn sammála um að breytinga sé þörf. Fulltrúi foreldra kom með þá hugmynd að tala við nemendur um hvernig þau sjái viðurkenningar. Kynjaskiptar viðurkenningar ekki í anda jafnréttis. Rætt um styrkleika hvers og eins og hvort eigi að veita viðurkenningar frá því. Eða hvort horfa eiga til lykilhæfni aðalnámskrár og veita viðurkenningar eftir þeim.
- Næsti fundur föstudaginn 13. maí kl.10.